Hallgrímur Sveinsson - Vinsamlegar áskoranir og bendingar til sóknarmanna frá almennum safnaðarfundi Reykjavíkur sóknar (1886)

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðu eintaki af téðu riti. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið rafrænt eintak af því án endurgjalds.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó að stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Höfundur skjals þessa álítur að hvers kyns höfundaréttur á prentaða eintakinu sé útrunninn.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Skannað var eintak í vörslu Landsbókasafnsins (Íslandssafn).

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

340
Hal

Vinsamlegar áskoranir og bendingar til sóknarmanna frá almennum safnaðarfundi Reykjavíkur sóknar.

—:o:—

Tillögur þær, sem hér fara á eptir, eru samdar af nefnd þeirri, sem skipuð var á almennum safnaðarfundi í Reykjavík 1885. Voru tillögurnar með ástæðum bornar upp á almennum safnaðarfundi í sumar, og samþykktar, án nokkurra minnstu mótmæla, í einu hljóði. Samkvæmt atkvæði fundarins eru þær nú prentaðar til útbýtingar í söfnuðinum, í því trausti, að söfnuðurinn í heild sinni muni fallast á, að þessar tillögur miði til **eflingar kristilegu helgihaldi og góðri reglu og siðsemi í söfnuðinum**, og að sem flestir vinnist til að styðja að æskilegri framkvæmd þeirra atriða, sem hér eru tekin fram. Tillögurnar koma þannig ekki fram frá neinum einstökum mönnum, heldur sem fullkomin samþykkt safnaðarfundarins og þar með safnaðarins í heild sinni.

Safnaðarfundurinn ályktar:

1. Að reyna til að vinna *formenn* í Reykjavíkursókn til að bindast föstum samtökum um, *að róa eigi til fiskjar eða vitja um net á helgum dögum*, nema brýn

nauðsyn krefji, og að stuðla eptir megni til þess, að samkynja samtök komizt á í næstu veiðistöðvum hér í grennd.

2. Að reyna til að vinna *járnsmiði* til að bindast samtökum um, að *fást eigi við hestajárningu á helgum dögum*, nema brýn þörf sé á því.
3. Að reyna að vinna *kaupmenn* til *að láta hvorki ferma né afferma skip sín á helgum dögum*, nema veruleg nauðsyn krefji.
4. Að reynt sé að afstýra þeim ósið, að *menn á helgum dögum séu að fuglaveiðum*, sérstaklega í bænum eða á höfninni, eða mjög nærri bænum, hvort heldur er á sjó eða landi.
5. Að skora á lögreglumenn og aðra fullorðna menn um að afstýra því, *að unglingar séu hópum saman úti við leiki* (knattleik, skautahlaup o. s. frv.) *um messutímann*, einkanlega að slíkt fari fram nálægt kirkjunni.
6. Að skora á menn almennt, *að hafa eigi ókyrð eða umgang í kirkju* á meðan guðsþjónustan stendur yfir, og biðja ekki einungis sóknarnefndarmenn, heldur og aðra sem geta, að afstýra öllu slíku.
7. Að skora á foreldra og húsbændur að áminna unglinga og börn um, að *troðast eigi um of inneptir kirkjunni, þegar börn eru fermd*, og valda með því þrengslum og glepja fermingarbörnin á alvarlegri stundu.
8. Að vara menn við, að *þyrpast of þétt saman í kórnum* við altarisgöngu.
9. Að skora á menn að haga svo til, að *hjónavígslur í kirkjunni fari jafnaðarlega fram við dagsbirtu*, en sem sjaldnast við ljós, allrasízt á laugardagskvöldum; sömuleiðis að gæta þess, að brúðhjón og

boðsfólk sé komið í kirkju á ákveðnum tíma, svo athöfnin þurfi eigi að dragast fyrir seinlæti þeirra.

10. Að reynt skuli til að koma því til leiðar, að þeir, sem fara í *skemmtireið á helgum dögum*, fari af stað úr bænum, annaðhvort tímanlega að morgni, eða eigi fyrri en að aflokinni messugjörð, en varist að fara af stað rétt fyrir messubyrjun eða á meðan hún stendur yfir.
11. Að reynt sé að afstýra því, að nokkur *sala á vínföngum eða ölföngum* fari fram á helgum dögum.
12. Að hvetja menn til að við hafa sem almennast *húslestra á heimilunum* eða lestur í ritningunni; og áminna um, að börn séu látin læra bænir og sálma; og skora á foreldra og húsbændur að sporna sem mest við blóti, formælingum, hæðnistali, uppnefnum og öðru ósiðlegu orðbragði.

* * *

Það var fyrirrætlun safnaðarfundarins, að sóknarnefndin skyldi sérstaklega leita samkomulags við þá menn, sem hlut eiga að máli, viðvíkjandi framkvæmd á atriðunum 1—3, og mun nefndin gjöra ráðstafanir til þess, eptir að ályktanir fundarins eru orðnar öllum sóknarmönnum kunnar með prentun þeirra og útbýtingu. Að framkvæmd allra hinna atriðanna áleit fundurinn bezt og haganlegast unnið einmitt með því að sjá um, að ályktanirnar komist prentaðar inn á hvert heimili í sókninni.

Í umboði safnaðarfundarins og sóknarnefndarinnar.

Reykjavík, í september 1886.

Hallgrímur Sveinsson.